Nr. 1151 13. desember 2018

# GJALDSKRÁ

**fyrir sorpurðun og sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði.**

1. gr.

Sorphirðugjald í þéttbýli þar sem sorphirða fer fram:
Árlegt gjald miðað við íbúð er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Sorphirðugjald á íbúð, íbúðarhúsnæði í þéttbýli | kr. 20.076 |
| Sorpeyðingargjald á íbúð, íbúðarhúsnæði í þéttbýli | kr. 17.714 |

Sorphirðugjald í dreifbýli þar sem sorp er sett í safngáma:
Árlegt gjald er sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Sorpeyðingargjald, bújarðir eða býli með atvinnustarfsemi | kr. 53.142 / býli |
| Sorpeyðingargjald, íbúðarhúsnæði í dreifbýli | kr. 17.714 / íbúð |
| Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir | kr. 17.714 / hús |
| Sorpeyðingargjald, gripahús á skipulögðum svæðum | kr. 4.724 / séreign |

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum og á sömu gjalddögum.

2. gr.

**Móttökugjöld fyrir flokkaðan úrgang:**

*Rekstraraðilar* greiða fyrir móttöku alls úrgangs, samkvæmt vigt, að undanskildum þeim úrgangsflokkum sem bera úrvinnslu- eða skilagjald.

*Almenningur* greiðir ekki fyrir úrgang sem myndast við venjulegan heimilisrekstur en ætlast er til að hann sé flokkaður.

Einungis þarf að greiða fyrir stærri farma s.s. úrgang frá byggingu eða breytingu íbúðarhúsnæðis.

**Móttökugjöld fyrir einstaka efnisflokka:**

*Flokkur 1. Óflokkað í urðun:*

| | |
|---|---|
| Byggingarúrgangur, blandaður | 15 kr./kg |
| Blandaður úrgangur í urðun | 15 kr./kg |
| Timbur, málað/fúavarið | 15 kr./kg |
| Múrbrot – flísar – postulín | 2 kr./kg |
| Lífrænn úrgangur til urðunar | 10 kr./kg |

Áhættuflokkur skv. 1.–3. gr. reglugerðar nr. 820/2007.

*Flokkur 2. Flokkað til endurnýtingar:*

| | |
|---|---|
| Timbur, hreint (ekki málað/fúavarið) | 8 kr./kg |
| Járn/málmar | 0 kr./kg |
| Garðaúrgangur | 0 kr./kg |

*Flokkur 3. Úrgangur sem ekki þarf að greiða fyrir:*

Bylgjupappi.
Umbúðir úr sléttum pappa.
Dagblöð og tímarit.
Fernur.
Filmuplast.
Heyrúlluplast.
Stórsekkir.
Hjólbarðar.
Rafgeymar.
Rafhlöður.
Málning.
Önnur spilliefni.

*Flokkur 4. Lífræn efni beint til jarðgerðar:*

| | |
|---|---|
| Kjöt og sláturúrgangur | 21 kr./kg |
| Fiskúrgangur | 21 kr./kg |
| Lífrænn heimilisúrgangur | 21 kr./kg |

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til veitu- og framkvæmdasviðs sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðsréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga. Öll verð í gjaldskránni eru án virðisaukaskatts.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 10. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 1125/2015, sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar 12. desember 2018 og öðlast þegar gildi og fellur þá eldri gjaldskrá sama efnis nr. 1214/2017 úr gildi.

*Sauðárkróki, 13. desember 2018.*

**Sigfús I. Sigfússon** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 17. desember 2018